



## Kennsláætlun íslenska haust 2018 6.-7.bekkur

Kennari: Jóhanna Reykjalin

Tímabil	Viðfangsefni	Námsmat
Ágúst-September	Fjölbreyttir textar með áherslu á ritun og hugtakakortagerð. Málfræði: Fallorð Gagnvirkur lestur (persónurnar)	Frjáls ritun til að meta stöðu nemenda í stafsetningu, ritun og málfræði.
Október	Ljóð og bragfræði Hugtök tengd bragfræði Málfræði: Sagnorð	<b>Stöðumat: Ljóðið mitt</b> – nemendur greina ljóð og skila. Notað til að meta hvort viðeigandi hæfniviðmiðum hafi verið náð
Nóvember	Bókmenntir og bókmenntahugtök Málfræði: óbeygjanleg orð Upplestur	<b>Stöðumat: Bók um bók</b> – Nemendur lesa kjörbók og fylla út verkefnið Bók um bók heima. Notað til að meta hvort viðeigandi hæfniviðmiðum hafi verið náð
Desember	Fjölbreyttir textar með áherslu á ritun (útdrættir úr sögu) Málfræði: Samantekt Málshættir	

Unnið er í anda Byrjendalæsis auk þess að stuðst er við kennslubækurnar Óskasteinn/Sögusteinn, Vandamálið – Minnsta málið, Skræða, Málrækt 1-3 og Orðspor 1.

Mikið er lagt upp úr fjölbreyttum kennsluháttum þar sem reynt er að mæta þörfum hvers og eins.



## Hæfniviðmið sem unnið er með á haustönn

<b>Tjáning og miðlun</b>
Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.
Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnn hátt
Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi
<b>Lestur og bókmenntir</b>
Lesið texta við hæfi með góðum hraða og skilningi, lagt mat á hann og túlkað
Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta
Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta
Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann
Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum
Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap
Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap
Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga
Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju
<b>Ritun</b>
Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur
Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni
Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa
Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim
Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun
<b>Málfræði</b>
Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það
Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun



Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál
Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra
Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og nota þau í texta
Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu
Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og geint notagildi þeirra í texta